

**Skýrsla starfshóps í tilefni lögfestingar samnings
Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins**

Júní 2015

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Samantekt og tillögur	3
2. Skuldbindingar Reykjavíkurborgar.....	4
2.1. Inntak barnasáttmálans og ákvæði hans.....	4
2.2. Athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.....	4
2.3.1. Gagnaöflun og greining á stöðu barna.....	5
2.3.2. Samræming á innleiðingu barnasáttmálans af hálfu ríkisins sem nær til sveitarfélaga.....	5
2.3.3. Sjálfstæðar kæruleiðir barna.....	5
2.3.4. Ákvæði barnasáttmálans inn í skólanámskrár.....	5
2.3.5. Fræðsla fyrir alla faghópa, starfsfólk sveitarfélaga og kjörna fulltrúa.....	6
2.3.6. Reglugerð um starfsemi, hlutverk og umboð ungmennaráða	6
2.3.7. Tillit til sjónarmiða barna.....	6
2.3.8. Aðrar athugasemdir barnaréttarnefndarinnar.....	6
2.3. Að rækta börnin sín	6
3. Innleiðing barnasáttmálans	8
3.1. Reynsla annarra ríkja	8
3.2. Stuðningur við innleiðingu barnasáttmálans	8
3.3. Samstarf sveitarfélaga	9
4. Grunnur að innleiðingu hjá Reykjavíkurborg.....	10
4.1. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur.....	10
4.2. Skóla- og frístundasvið	10
4.3. Íþróttá - og tómstundasvið.....	11
4.4. Fjármálaskrifstofa	12
4.5. Eignaumsýsla	13
4.6. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur.....	13
4.7. Velferðarsvið	14
4.8. Menningar- og ferðamálasvið	15
4.9. Embætti borgarlögmans.....	15
4.10. Umboðsmaður borgarbúa	16
5. Lokaorð.....	17
6. Gögn sem stuðst var við	18

Formáli

Starfshópur í tilefni lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins skilar hér lokaskýrslu sinni.

Markmið með stofnun starfshópsins var samkvæmt erindisbréfi að tryggja að öll starfsemi Reykjavíkurborgar taki mið af þeim skuldbindingum sem leiða af lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í daglegu tali er samningurinn nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna eða barnasáttmálinn og verður einnig svo í þessari skýrslu.

Hlutverk hópsins var að vinna samantekt á þeim þáttum í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar sem snúa að skuldbindingum sem leiða af lögfestingu barnasáttmálans. Í erindisbréfi var vísað til samþykkrar tillögu borgarstjórnar á fundi borgarráðs þann 4. september 2014.

Verkefni hópsins voru:

- Að vinna samantekt á þeim þáttum í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar sem snúa að skuldbindingum sem leiða af lögfestingu barnasáttmálans.
- Að leita erlendra fordæma og eiga samráð við UNICEF á Íslandi við vinnslu verkefnisins
- Að gera grein fyrir skilgreiningu helstu hugtaka og áhrifum lögfestingar barnasáttmálans á útfærslu verkefna og þjónustu hjá Reykjavíkurborg.
- Að óska eftir leiðarljósum og leiðbeiningum frá innanríkisráðuneyti, og eftir atvikum frá öðrum ráðuneytum.

Starfshópurinn var í fyrstu skipaður sex fulltrúum auk starfsmanns en eftir fyrstu tvo fundi voru til viðbótar skipaðir þrír fulltrúar. Í starfshópnum sátu Anna Guðrún Árnadóttir, embætti borgarlögmanns, Ása Hauksdóttir, íþrótt- og tómstundasviði, Edda Ólafsdóttir, mannréttindaskrifstofu, Eygló Rúnarsdóttir, skóla- og frístundasviði sem jafnframt var formaður hópsins, Harpa Rut Hilmarsdóttir, menningar- og ferðamálasviði, Herdís Sólborg Haraldsdóttir, fjármálaskrifstofu, Jón Valgeir Björnsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, Stefanía Sörheller, velferðarsviði og Steinunn Rögnvaldsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði. Auður Magnús Auðardóttir, skóla- og frístundasviði, var starfsmaður hópsins.

Hópurinn fundaði vikulega, alls níu sinnum, en fyrsti fundur hópsins var 21. apríl og sá síðasti 16. júní. Til stóð að hópurinn skilaði af sér fyrir lok maí en vegna anna dróst að boða til fyrsta fundar og því seinkaði vinnu hópsins sem því nemur.

Hópurinn leitaði víða fanga í vinnu sinni en vinnutími starfshópsins var stuttur. Fulltrúar UNICEF á Íslandi, umboðsmanns barna, innanríkisráðuneytisins og umboðsmanns borgarbúa voru gestir á fundum. Heimsóknir og innlegg þessa fólks voru ómetanleg í vinnu hópsins. Að auki deildu þau sem í hópnum sátu þekkingu sinni og reynslu sem reyndist dýrmætt fyrir vinnu hópsins. Í vinnu sinni rýndi hópurinn jafnframt töluvert af útgefnu efni, rafrænt og prentað sem listað er upp í lok skýrslunnar.

1. Samantekt og tillögur

Eftirlit með framkvæmd barnasáttmálans hjá aðildarríkjum er í höndum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Að mati innanríkisráðuneytisins er það fyrst og fremst ríkisstjórn Íslands sem ber að svara fyrir stöðu mála á Íslandi. Hins vegar undanskilur sú ábyrgð íslenska ríkisins ekki ábyrgð sveitarfélaga á því að verkefni, þjónusta og stjórnsýsla þeirra taki mið af ákvæðum barnasáttmálans. Með lögfestingu hans árið 2013 öðluðust ákvæði hans aukin vægi og hægt er að sækja rétt byggðan á ákvæðum hans fyrir dómi. Lögfestingin hefur því áhrif á stjórnvaldsákvæðanir á vegum Reykjavíkurborgar.

Einn af lykilþáttum í innleiðingu sáttmálans er áhrifagreining (*e. Child Impact Analysis*). Með slíkri greiningu eru áhrif lagasetninga, stefnumótandi ákvarðana og framkvæmd þjónustu á börn metin kerfisbundið. Matið þarf að eiga sér stað áður en ákvarðanir eru teknar, á meðan framkvæmd stendur yfir og að framkvæmd lokinni. Hópurinn metur það sem svo að koma þurfi á verklagi sem tryggir slíka greiningu og þjálfar þurfi starfsfólk og kjörna fulltrúa borgarinnar í að beita henni. Hópurinn metur það einnig sem grundvallarlið í innleiðingu sáttmálans hjá Reykjavíkurborg að endurskoða þurfi skipulag þjónustu, verklag og reglur hjá öllum sviðum og skrifstofum borgarinnar út frá hagsmunum barna og ákvæðum sáttmálans. Í því sambandi lítur hópurinn til verklags um kynjaða fjárhags- og starfsáætlanagerð sem þegar hefur verið í þróun hjá Reykjavíkurborg undir forystu fjármálaskrifstofu. Áhrifagreiningu sem þessari mun líklega seint ljúka en með því að endurskoða verklag í áföngum mun áhrifa af ákvæðum barnasáttmálans fara að gæta víðar þegar fram í sækir. Þegar eru mörg dæmi innan borgarinnar um það sem vel er gert og mætir ákvæðum barnasáttmálans að mestu eða öllu leyti.

Hópurinn setur fram eftirfarandi tillögur að lokinni sinni yfirferð:

- Lagt er til að pólitísk ákvörðun verði tekin um að hefja innleiðingu sáttmálans hjá Reykjavíkurborg. Þar getur Reykjavík í krafti stærðar sinnar verið leiðandi aflu og sem höfuðborg sýnt gott fordæmi fyrir önnur sveitarfélög á Íslandi.
- Ráðinn verði verkefnastjóri og stofnuð verkefnastjórn í anda KFS með tengiliðum á öll svið og skrifstofur borgarinnar.
- Innleiðing sáttmálans hjá Reykjavíkurborg hefjist sem fyrst og innleiðingaráætlun taki mið af því að hægt sé að fagna stórum áfanga á 30 ára afmæli barnasáttmálans árið 2019.
- Innleiðing taki mið af reynslu annarra þjóða og þekkingu sem þegar er til, m.a. á vegum UNICEF, þar sem til er innleiðingaráætlun sem sniðin er að sveitarfélögum undir heitinu Barnvænt samfélag (*e. Child Friendly Cities*).
- Mikilvægustu þættir innleiðingar eru:
 - gagnasöfnun þar sem staða barna og aðstæður eru kortlagðar á kerfisbundinn hátt
 - skýr aðgerðaáætlun lögð fram.
 - markviss fræðsla um barnasáttmálann fyrir allt starfsfólk, kjörna fulltrúa og borgarbúa með sérstaka áherslu á börn
- Hugað verði að samstarfi Reykjavíkurborgar og þeirra sveitarfélaga sem eru einnig að feta sín fyrstu skref í innleiðingavinnu, m.a. Garðabær, Akranes, Akureyri og Hólmavík, sem og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. Skuldbindingar Reykjavíkurborgar

Ísland er aðili að barnasáttmálanum sem þjóðríki og því er það íslenska ríkið sem ber ábyrgð á framkvæmd sáttmálans á Íslandi. Lagalegar skuldbindingar Reykjavíkurborgar snúa því fyrst og fremst að því að þjónusta borgarinnar og verklag tryggi réttindi allra barna og að ekkert í þjónustu eða starfsemi borgarinnar mismuni börnum á nokkurn hátt.

2.1. Inntak barnasáttmálans og ákvæði hans

Barnasáttmálinn er mannréttindasáttmáli sem tekur mið af stöðu barna í samfélagi og að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Sáttmálinn viðurkennir börn sem fullgilda þjóðfélagsþegna og þau eiga því réttindi í hverju samfélagi til jafns við fullorðna. Á sama tíma er þó gert ráð fyrir því í sáttmálanum að æskan sé viðkvæmt skeið í lífi hvernar manneskju og því eigi börn jafnframt rétt á vernd og umönnun. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum og er þá átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum. Greinar sáttmálans eru 54 og fjalla um rétt barna til umönnunar, verndar og þátttöku og um framkvæmd sáttmálans í aðildarríkjum hans.

Meginstoðir barnasáttmálans liggja í fjórum greinum, 2., 3., 6. og 12. grein. Í 2. grein er fjallað um jafnræði allra barna og bann við hvers konar mismunun og það bann nær til aðstæðna barnanna sjálfra sem og aðstæðna foreldra þeirra og/eða lögráðamanna. Í 3. grein er kveðið á um að hagsmunir barna skuli hafa forgang, það sem er barninu fyrir bestu. Það ákvæði setur þær skyldur á herðar allra sem koma að málefnum barna að setja þeirra aðstæður og hagsmuni ofar hagsmunum fullorðinna eða hagsmunum kerfis. Ákvæði 6. greinarinnar er um grundvallarréttindi til lífs og þroska og 12. greinarinnar um rétt barna til að segja skoðanir sínar og hafa áhrif á málefni sem þau varðar. Sáttmálinn skilgreinir alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem börn.

Eins og aðrir mannréttindasáttmálar er grundvallarforsenda barnasáttmálans að tryggja grundvallarmannréttindi barna. Réttindi sem tryggð eru með ákvæðum sáttmálans eru ófrávíkjanleg og öll börn öðlast þau réttindi við fæðingu, óháð skyldum eða stöðu sinni á hverjum tíma. Barnasáttmálinn er að mörgu leyti í samhljómi við mannréttindastefnu Reykjavíkur en leiðarljós hennar er að allir borgarþátttakendur njóti jafns réttar, án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Þegar barnasáttmálinn var fullgiltur 1992 öðlaðist hann þá stöðu á Íslandi að ákvæðum hans bæri að fylgja og endurskoða þyrfti löggjöf þar sem ákvæði sáttmálans næðu lengra en íslensk lög. Við lögfestingu sáttmálans 2013 öðluðust ákvæði hans ígildi laga enda varð hann að lögum nr. 19/2013. Þar með öðlast barnasáttmálinn þá stöðu að hægt er að sækja mál fyrir dómstólum með vísan í hann. Reykjavíkurborg ber því að fylgja ákvæðum sáttmálans í þjónustu sinni við börn og fyrir börn.

2.2. Athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna

Ísland hefur í tvígang komið fyrir barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna vegna framkvæmdar sáttmálans á Íslandi, nú síðast árið 2011. Ísland mun í þriðja skipti skila skýrslu sinni til nefndarinnar árið 2018. Athugasemdir barnaréttarnefndarinnar fram til þessa snúa einkum að stofnanabundnum þáttum eða kerfislægum að mati Maríu Rúnar Bjarnadóttur, lögfræðings hjá innanríkisráðuneytinu sem sat fyrir svörum hjá nefndinni. Ráðuneytið ber ábyrgð á og vinnur að umbótum á athugasemdum barnaréttarnefndarinnar. Athugasemdir nefndarinnar eru vörður fyrir Reykjavíkurborg í innleiðingu barnasáttmálans hjá sveitarfélaginu.

2.3.1. Gagnaöflun og greining á stöðu barna

Huga þarf að gagnaöflun og greiningu á stöðu barna hjá Reykjavíkurborg, þá sérstaklega stöðu jaðarsettra hópa og barna í viðkvæmri stöðu. Börn með fötlun og börn sem búa við erfiða félags- og efnahagslega stöðu eru dæmi um börn í viðkvæmri stöðu en fleiri þættir í lífi og umhverfi barna geta orðið til að ýta þeim út á jaðar samfélagsins. Að mati barnaréttarnefndarinnar er þekking á stöðu jaðarsettra hópa barna grundvallarforsenda þess að hægt sé að tryggja réttindi þeirra. Með markvissri greiningu þar sem staða barna er metin eftir aldri, kyni, landfræðilegri staðsetningu eða hverfi, þjóðerni, kynhneigð, kynvitund, fötlun og félags- og efnahagslegri stöðu má koma auga á hvar Reykjavíkurborg sem stjórnvald og veitandi þjónustu getur gert betur til að koma til móts við þarfir og réttindi allra barna.

Hjá Reykjavíkurborg er töluverðu magni af upplýsingum um aðstæður barna safnað reglulega, ýmist á vegum borgarinnar eða annarra aðila. Má þar nefna árlegar skýrslur Rannsókna og greiningar, Skólapúlsinn og Heilsa og líðan skólabarna (HBSC) auk úttekta á einstaka verkefnum og þjónustubáttum borgarinnar. Ógrynni af tölfræðiupplýsingum liggja auk þess hjá ólíkum sviðum borgarinnar. Með skipulagðri úrvinnslu og áætlanagerð væri hæðarleikur að gera reglulegt stöðumat á aðstæðum reykvískra barna sem gæfi vísbendingar um hvar vel væri að verki staðið sem og hvaða þætti í þjónustu borgarinnar þyrfti að rýna betur til hagsbóta fyrir börn.

2.3.2. Samræming á innleiðingu barnasáttmálans af hálfu ríkisins sem nær til sveitarfélaga

Með því að skipa starfshóp í tilefni lögfestingar barnasáttmálans tekur Reykjavíkurborg skref í átt að því að koma til móts við þá athugasemd barnaréttarnefndarinnar að engin innleiðingarstefna hafi enn verið mótuð af hálfu íslenska ríkisins sem nær til sveitarfélaga. Sveitarfélög á Íslandi sinna stórum hluta af nærþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra og því nauðsynlegt að þau setji sér viðmið um hvernig þjónusta skuli rýnd með það fyrir augum að tryggja réttindi allra barna og koma í veg fyrir hvers kyns mismunun þegar kemur að þjónustu við þau.

2.3.3. Sjálfstæðar kæruleiðir barna

Barnaréttarnefndin hvetur til þess að ákvæðum sáttmálans um rétt barna til að láta í ljósi skoðanir sínar um mál sem þau varðar sé mætt með því að börnum, og þá sérstaklega börnum í viðkvæmum aðstæðum, sé tryggð kvörtunar- eða kæruleið. Með því móti geta börn sjálf leitað sér ráðgjafar eða komið umkvörtunum sínum á framfæri án þess að þurfa að treysta á liðsinni fullorðinna. Barnaréttarnefndin hvetur til þess að umboðsmanni barna sé fengið umboð til slíkrar vinnu. Hjá Reykjavíkurborg gæti umboðsmaður borgarbúa verið málsvari barna sem annarra og tryggt að reykvísk börn þekki möguleikana á að nýta sér það ferli. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur er jafnframt málsvari allra borgarbúa og hlutverk hennar að standa vörð um jafnan rétt allra borgarbúa og að borgarbúum sé ekki mismunað á nokkurn hátt.

2.3.4. Ákvæði barnasáttmálans inn í skólanámskrár

Samkvæmt leikskólalögum og grunnskólalögum ber skólunum að gefa út skólanámskrár. Barnaréttarnefndin hvetur til þess að ákvæði barnasáttmálans verði sett inn í skólanámskrár og því mikilvægur liður í innleiðingu sáttmálans hjá Reykjavíkurborg að svo verði. Skólanámskrár sem taka mið af ákvæðum barnasáttmálans í inntaki sínu eru starfsfólki öflugt leiðarljós í skólastarfinu og ættu einnig að kveða á um með hvaða hætti sáttmálinn er kynntur og hvernig unnið er með ákvæði hans með börnum og unglingum. Það sama má segja um starfsáætlanir frístundamiðstöðva sem og

skólahljómsveita. Einnig ætti að huga að því hvort ákvæði barnasáttmálans eigi að liggja til grundvallar í gögnum þegar þjónustusamningar eru gerðir af hálfu Reykjavíkurborgar við stofnanir og félagasamtök sem standa fyrir starfsemi fyrir börn og unglunga.

2.3.5. Fræðsla fyrir alla faghópa, starfsfólk sveitarfélaga og kjörna fulltrúa

Að mati allra gesta starfshópsins er enn langt í land með að þekking á inntaki og ákvæðum barnasáttmálans sé almenn. Mikilvægt er að allir sem starfa á vegum sveitarfélaga þekki sáttmálann og nýti hann í sínu starfi. Öðruvísi verða réttindi allra barna ekki tryggð né hægt að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli stöðu barna eða annarra þátta. Sérfræðingarnir taka þar undir álit barnaréttarnefndarinnar um mikilvægi þess að fræðsla um sáttmálann sé efld og þar hefur Reykjavíkurborg möguleika á að vera leiðandi.

2.3.6. Reglugerð um starfsemi, hlutverk og umboð ungmennaráða

Barnaréttarnefndin leggur á það áherslu að sveitarfélög setji sér reglugerð um starfsemi, hlutverk og umboð ungmennaráða. Í Æskulýðslögum er kveðið á um að sveitarfélög hlutist til um stofnun þeirra en þeim er það þó ekki skylt. Ungmennaráð sveitarfélaga eru formlegur vettvangur ungs fólks til að koma skoðunum barna og unglunga á framfæri. Umboð og hlutverk þarf þó að vera skýrt. Hjá Reykjavíkurborg hafa Reykjavíkurráð ungmenna og ungmennaráð starfað í hverfum borgarinnar frá árinu 2001 en umboð ráðanna, í hverfum og á borgarvísu, er að mörgu leyti óskýrt sem og staða þeirra gagnvart stjórnslu og stjórnvöldum.

2.3.7. Tillit til sjónarmiða barna

Samkvæmt ákvæðum barnasáttmálans eiga öll börn rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í málefnum sem að þeim snúa. Þar leggur barnaréttarnefndin sérstaka áherslu á að tryggja beri að tekið sé tillit til sjónarmiða barna fyrir dómstólum, í skólum og í öðru stjórnsluumhverfi og ferlum. Þar þarf sérstaklega að tryggja að sjónarmið barna í viðkvæmri stöðu séu tekin til skoðunar og þau virt. Þar má víða bera niður hjá Reykjavíkurborg enda stór hluti af þjónustu borgarinnar þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra.

2.3.8. Aðrar athugasemdir barnaréttarnefndarinnar

Aðrar ábendingar barnaréttarnefndarinnar snúa einkum að íslenska ríkinu beint. Þar má nefna mikilvægi þess að dregið sé úr niðurskurði í mennta- og heilbrigðiskerfinu í kjölfar efnahagsbata og mikilvægi þess að börn njóti sérstakrar verndar ef þau verða vitni að eða hluti af sakamáli, einkum ofbeldismálum en þar leggur nefndin mikla áherslu á samstarf við sveitarfélög. Nefndin bendir einnig á öflugri stuðning og meðferðarúrræði sem sniðin séu að þörfum barna og vernd barna gegn ólöglegri neyslu ávana- og fíkniefna og áfengis og að endurhæfing sé sniðin að þörfum barna.

2.3. Að rækta börnin sín

Skuldbindingar Reykjavíkurborgar við innleiðingu barnasáttmálans eru ekki eingöngu lagalegs eðlis. María Rún Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu, vitnaði í túlkun barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna á barnasáttmálanum þar sem segir að samfélög framtíðarinnar ráðist af því hversu vel tekst til við framkvæmd barnasáttmálans í dag. Börn sem alin eru upp í anda barnasáttmálans verða vel upplýstir fullorðnir borgarar. Sáttmálanum er því m.a. ætlað að byggja betri samfélög til framtíðar. Þar ber Reykjavíkurborg því ábyrgð til framtíðar á því að innleiða sáttmálann sem lið í því að tryggja vernd og umönnun barna og unglunga sem og virka þátttöku þeirra

í samfélaginu. Það verður einungis gert með því að gera það að ófrávíkjanlegri reglu að sjónarmið barna og það sem er barninu fyrir bestu ráði alltaf ferðinni í ákvarðanatöku, stefnumótun og þjónustu borgarinnar.

UNICEF á Íslandi hefur gefið út tvær gagnlegar skýrslur, annars vegar Staða barna á Íslandi (2011) og Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir (2013) þar sem sérstaklega eru settar fram upplýsingar um stöðu barna á Íslandi. Fyrri skýrslan var leið til að kortleggja ólíka þætti í lífi barna og gefa mynd af því hvernig er að vera barn á Íslandi. Slík greiningarvinna er grundvöllur þess að hægt sé að segja til um hvort öll börn búi við vernd og umönnun, þau séu virkir þátttakendur og að þeim sé ekki mismunað. Í niðurstöðum fyrri skýrslunnar komu fram upplýsingar um aðstæður barna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi og því var ráðist í að vinna nánar með greiningu á stöðu þeirra barna. Í seinni skýrslunni um ofbeldi og forvarnir er m.a. byggt á vinnu sem unnin var með ráðgjafahópi barna og unglunga sem sérstaklega var settur á laggirnar til að rýna aðstæður barna sem voru í þessari viðkvæmu stöðu þar sem raddir barnanna sjálfra voru lagðar til grundvallar.

Í skýrslu UNICEF á Íslandi (UNICEF á Íslandi, án árs) eru niðurstöður samnorrænnar könnunar um rétt barna til þátttöku 2009-2010 settar fram fyrir Ísland. Þar koma fram þeir þættir sem mikilvægastir eru að mati barna á aldrinum 12-16 ára. Að þeirra mati er mikilvægast að fá að koma með ábendingar um hegðun kennara, að hafa áhrif á það sem þau gera í tómsundum sínum og viðfangsefni í tómsundastarfi almennt, að hafa áhrif á skipulag og útlit eigin herbergis, að fá aðkoma með ábendingar um kennsluna og að ráða sjálf hvernig þau eyða eigin peningum.

Börn og unglingar búa yfir hugviti og sköpunarmætti sem mikilvægt er að líta til í þjónustu borgarinnar auk þess sem stór hluti þeirra vill hafa um eigin málefni, í víðasta skilningi þess orðs, að segja. Það er svo á ábyrgð Reykjavíkurborgar að finna leiðirnar að því að virkja sköpunarkraft þeirra og hugvit og vilja til þátttöku í átt til betra samfélags fyrir alla - nú og til framtíðar.

3. Innleiðing barnasáttmálans

Frá því barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1989 hafa öll þjóðríki, utan tveggja, undirritað sáttmálann.

3.1. Reynsla annarra ríkja

Í vinnu hópsins gafst ekki ráðrúm til að leita víða fanga um reynslu annarra ríkja við innleiðingu barnasáttmálans en hópurinn rýndi þó aðeins í vinnu Norðmanna sem og ólík verkefni á vegum verkefnisins Barnvæn samfélög.

Norðmenn hafa unnið ötullega að innleiðingu sáttmálans og meðal annars lækkað kosningaaldur í 16 ár í sveitastjórnarkosningum til að koma til móts við athugasemdir barnaréttarnefndarinnar um aðkomu barna að ákvarðanatöku. Í Noregi hefur innleiðingin verið leidd af norska ríkinu en sveitarfélög hafa með sér samstarf og sameiginlegan vettvang til að styðja við innleiðinguna. Verkefnið hefur fengið nafnið nafnið Sjumílnasporið (Sjumilsteget) sem vísar í ævintýraminnið um stígvél sem báru fólk hratt yfir. Þeir hafa skipt innleiðingunni niður í sjö spor, þátttöku, góða umhyggju, sérstaka vörn og stuðning, vörn gegn misnotkun, líf með reisu, góða heilsu og góða menntun. Verkefnið er með heimasíðu og þar er að finna ýmiskonar upplýsingar um verkefni sem unnin eru með börnum, skýrslur, fréttir af innleiðingarverkefnum og fleiru í anda innleiðingarferlisins <http://www.sjumilssteget.no/>

Reynsla þeirra sem unnið hafa að framkvæmd barnasáttmálans stig af stigi hefur verið rýnd af Innocenti- stofnuninni í Flórens, rannsóknarsetri Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Með því að rýna reynslu þjóða og sveitarfélaga í gegnum árin og taka mið af athugasemdum barnaréttarnefndarinnar hefur stofnunin í samstarfi við fræðafólk sett fram aðgerðaáætlun um barnvænt samfélag (e. *Child friendly Cities*). Áætlunin er í raun innleiðingaráætlun fyrir sveitarfélög (e. *local government*) og byggir á níu þáttum:

1. Þátttaka barna
2. Barnvænt laga- og reglugerðarumhverfi
3. Stefna sveitarfélags um innleiðingu sáttmálans
4. Barnaréttindanefnd eða samræmingaraðili innan sveitarfélags
5. Áhrifagreining vegna ákvarðana
6. Greining á fjárhagsáætlunum vegna barna
7. Regluleg skýrsla um stöðu barna í sveitarfélaginu
8. Fræðsla um réttindi barna
9. Sjálfstæð ráðgjöf og stuðningur við börn, m.a. stuðningur við frjáls félagasamtök

Margar borgir og bæir hafa lagt af stað við að innleiða einstaka þætti áætlunarinnar undir merkjum Barnvæns samfélags eða tekið ákveðna þætti til ígrundunar og innleiðingar með sérstökum átaksverkefnum. Reynslu ólíkra borga og bæja má nálgast í skýrslum þeirra á heimasíðu verkefnisins <http://childfriendlycities.org/building-a-cfc/good-practices/full-list-iii/>

3.2. Stuðningur við innleiðingu barnasáttmálans

Eins og áður hefur komið fram er engin áætlun á vegum íslenska ríkisins um innleiðingu barnasáttmálans til og samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er gerð slíkrar áætlunar ekki á dagskrá.

Hjá embætti umboðsmanns barna liggur mikil þekking á barnasáttmálanum, inntaki hans og túlkunum barnaréttarnefndarinnar á honum. Embættið hefur lagt sig í líma við að kynna sáttmálann fyrir börnum sem og öðrum þeim sem koma að starfi með börnum. Frjáls félagasamtök á borð við UNICEF á Íslandi og Barnaheill - Save The Children á Íslandi hafa jafnframt lagt töluvert af mörkum til að hvetja til innleiðingar og staðið fyrir kynningu á sáttmálanum og unnið eftir helstu ákvæðum hans í töluverðan tíma.

Eitt af þeim verkefnum sem nú er unnið að í samstarfi UNICEF og umboðsmanns barna er að þýða og staðfæra verkfærakistu þar sem finna má fjölbreytt efni til fræðslu um sáttmálann. Verkfærakistunni er ætlað að vera þeim sem vinna með sáttmálann, bæði innleiðingu hans og fræðslu um inntak hans meðal barna og fullorðinna, til aðstoðar. Á heimasíðu Sjömilnasporsins norska eru jafnframt góðar hugmyndir fyrir þá sem vinna að innleiðingu barnasáttmálans vegna einstakra þátta í starfsemi sveitarfélaga.

Stefnt er að útgáfu verkfærakistunnar haustið 2015.

3.3. Samstarf sveitarfélaga

Samkvæmt upplýsingum frá UNICEF á Íslandi eru nokkur sveitarfélög áhugasöm um að hefja innleiðingu barnasáttmálans í sinni heimabyggð. Garðabær samþykkti árið 2012 að hefja innleiðingu barnasáttmálans og sú innleiðing hófst með fræðslu til alls starfsfólks í skólum sveitarfélagsins sem og til barnanna sjálfra. Eftir því sem næst verður komist hefur innleiðingin ekki náð frekara skriði.

Önnur sveitarfélög sem leitað hafa til UNICEF eftir fræðslu og stuðningi eru víða um land. Að mati hópsins er mikill akkur í því að hefja samtal við Samband íslenskra sveitarfélaga um samráðsgrundvöll um innleiðingu barnasáttmálans í starfi sveitarfélaga. Með öflugum samstarfi sveitarfélaga á fyrstu skrefum innleiðingar margfaldast sú þekking sem fer í reynslusjóð allra þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í slíku samstarfi.

4. Grunnur að innleiðingu hjá Reykjavíkurborg

Verkefni Reykjavíkurborgar og þjónusta er fjölbætt og yfirgripsmikil. Hópurinn hefur í starfi sínu rætt fjölmörg dæmi um það sem þegar er vel gert hjá borginni. Fyrirmyndarverkefni og verklag sem mæta ákvæðum barnasáttmálans eru dýrmætt veganesti í innleiðingarferlinu. Það er jafnframt mat hópsins að víða séu til viðbótar góð verkefni, verklag og framkvæmd þjónustu sem lítið þurfi að hlúa að til þess að mæta ákvæðum sáttmálans að fullu.

4.1. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar byggir á mannréttindum og jafnræðisreglunni og styður vel við innihald barnasáttmálans. Jafnræðisreglan eða bann við mismunun er ein grunnhugmynd mannréttinda. Hana er að finna í helstu mannréttindasamningum og í 65. gr. stjórnarskrárinnar en reglan kveður á um að bannað sé að mismuna fólki á grundvelli tiltekinna eiginleika þess eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Starfsfólk og íbúar borgarinnar geta leitað til mannréttindaskrifstofunnar ef þeir telja að Reykjavík sem stjórnvald hafa brotið gegn rétti þeirra eða að þeir hafi orðið fyrir mismunun í þjónustu borgarinnar. Einnig er skrifstofan í samstarfi við hina ýmsu aðila í tengslum við málefni sem tengjast mannréttindum. Á mannréttindaskrifstofunni starfa þrír sérfræðingar sem sinna jafnréttismálum, málefnum innflytjenda og málefnum fatlaðs fólks. Einnig eru starfandi fjórir ráðgjafar sem sinna sérstaklega innflytjendum í borginni.

Mikilvægt er að starfsfólk Reykjavíkurborgar þekki til mannréttindastefnunnar og því hefur starfsfólk farið á flesta starfsstaði innan borgarinnar. Til stendur að fara í kynningarátak og kynna stefnuna enn betur meðal starfsfólks borgarinnar og auka þekkingu og meðvitund þess á mikilvægi mannréttinda og banni við mismunun.

Árlega stendur mannréttindaskrifstofa fyrir fjölmeningardegi Reykjavíkur. Starfsfólk skrifstofunnar hefur náð vel til hinna ýmsu þjóðahópa vegna undirbúnings og þátttöku. Annað hvert ár stendur mannréttindaskrifstofan fyrir fjölmeningarþingi þar sem áhersla er lögð á að ná til innflytjenda og ræða um þjónustu borgarinnar. Ekki hefur verið lögð sérstök áhersla á að ná til barna af erlendum uppruna og hvetja þau til þátttöku í fjölmeningarþingum borgarinnar. Þar eru því sóknarfæri í því að ná til barna af erlendum uppruna í framtíðinni, hlusta betur á raddir þeirra og hvetja þau til þátttöku.

4.2. Skóla- og frístundasvið

Reykjavíkurráð ungmenna og ungmennaráð í hverfum borgarinnar hafa starfað frá 2001. Tilgangur ungmennaráðanna er að börn yngri en 18 ára geti tekið virkan þátt og haft áhrif í samfélaginu þó að þau hafi ekki kosningarétt. Starfsemi ungmennaráða gefur unglingum tækifæri á að láta í sér heyra og vinna að málefnum ungs fólks. Markmið verkefnisins er annars vegar að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila og hins vegar að veita þátttakendum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og vettvang til að þjálfa sig í þeim. Verkefni ungmennaráðanna mótast af málefnum líðandi stundar og þeim verkefnum sem berast ráðinu hverju sinni. Ungmennaráðin taka við

ábendingum ungs fólks um málefni til að rýna í sem og annarra sem leita vilja til ráðanna vegna samstarfs eða samráðs. Ungmennaráðin vinna að því að koma ábendingum um það sem betur má fara til viðeigandi aðila. Áheyrnarfulltrúar ungmennaráðs hafa rétt til setu í hverfisráðum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurráð ungmenna er samstarfsvettvangur ungmennaráðanna og fundar árlega með borgarstjórn um málefni ungs fólks auk þess sem ráðið á áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði og íþróttá- og tómstundaráði.

Allir skólar, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili borgarinnar fara reglulega í ytra mat. Í ytra matinu meta sérfræðingar borgarinnar skólann, frístundaheimilið eða félagsmiðstöðina, gæði, styrkleika og veikleika. Lögð hefur verið áhersla á að raddir barna séu miðlæggar í þessari vinnu. Þannig eru börn spurð álits á skólanum, frístundaheimilinu eða félagsmiðstöðinni í rýnihópum, allt frá leikskólabörnum og upp í unglíngastig grunnskóla. Niðurstöður þessara rýnihópa eru notaðar á markvissan hátt í matinu. Í gæðaviðmiðum fyrir innra og ytra mat á frístundastarfi eru fjölmargir þættir sem snúa að virkri þátttöku barna. Má þar nefna að ætlast er til þess að fjölbreyttar leiðir séu farnar til að fá fram sjónarmið barna og unglínga, að börn og unglíngar fái stuðning til að koma eigin hugmyndum í framkvæmd og að unnið sé með barnasáttmálann í starfinu. Þetta verklag styður því við þau ákvæði barnasáttmálans sem snúa að því að raddir og sjónarmið barna séu miðlæg við skipulagningu og mat á þeirri þjónustu sem þau njóta í samfélaginu.

Í öllum grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru starfrækt ráð þar sem börn koma með markvissum hætti að stefnumótun starfsstaðarins. Setu barna í skóla-, barna- og unglíngaráðum dugar ekki ein og sér til vinnu í anda barnasáttmálans en sóknarfæri eru í þessu vinnulagi. Með því að efla vitund skóla- og frístundasamfélagsins um mikilvægi samráðs og virkrar þátttöku barna í að móta umhverfi sitt mætti tryggja að setu nemenda í þessum ráðum verði nýtt á sem áhrifaríkastan hátt í anda barnasáttmálans.

Tvær stefnur sem unnar hafa verið á skóla- og frístundasviði snerta með beinum hætti markmið barnasáttmálans. Þetta eru fjölmenningsstefnan *Heimurinn er hér* og *Stefna um skóla án aðgreiningar*. Markmið þeirrar síðarnefndu er að grunnskólar borgarinnar séu án aðgreiningar og að allir nemendur séu virkir og fullgildir þátttakendur í skóla- og námssamfélaginu á jafnréttisgrunni. Fjölmenningsstefnan *Heimurinn er hér* byggir á virðingu fyrir ólíkum uppruna barna og ungmenna í borginni. Markmið hennar er meðal annars að koma til móts þarfir allra barna með því að þróa fjölbreytta kennslu- og starfshætti. Þá er í stefnunni lögð áhersla á að börn og ungmenni eigi í gagnvirkum samskiptum þar sem þau fá tækifæri til að standa jafnfætis öðrum með virðingu að leiðarljósi, um leið og þau læra hvert af öðru. Báðar þessar stefnur stuðla því með beinum hætti að því að grein nr. 2 um bann við mismunun barna sé virt og einnig að raddir allra barna fái að njóta sín.

4.3. Íþróttá - og tómstundasvið

Hjá íþróttá- tómstundasviði eru verkefni sem mæta fjölda ákvæða barnasáttmálans. Má þar fyrst nefna nýja stefnumótun í þágu ungs fólks auk aðgerðaráætlunar sem tekur mið af þörfum ungs fólks í borginni.

Hitt Húsið veitir ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma menningartengdum verkefnum til framkvæmdar. Áhersla er á virka þátttöku, reynslunám, að verkefni séu uppbyggjandi og fræðandi fyrir unga fólkið og móti farveg til framtíðar fyrir ungt fólk til lýðræðislegrar þátttöku og áhrifa í samfélaginu á sviði menningar og lista. Frítt er inn á flesta viðburði og aðstaðan er ungu fólki að kostnaðarlausu. Lögð er áhersla á að hafa allt verklag og umsóknir skýrar til að auðvelda aðgengi allra. Starfsemi hússins byggir á nokkrum föstum verkefnum sem ungt fólk hefur átt frumkvæði að en verkefni fylgja tíðarandanum og megináhersla er á að unga fólkið komi sjálft með hugmyndir, að

húsið og starfsemi þess sé vettvangur þeirra til framkvæmda í frítíma sínum og mótist af þeirra sýn og áhuga. Áhersla er lögð á að viðburðir hússins séu opnir gestum óháð aldri, uppruna eða efnahag og menning ungs fólks því sýnileg sem og tækifæri til áhrifa í samfélaginu. Meðal verkefna má nefna Músíktílaunir, tónleikaröðina Fjórirtjórðu, Unglist - Listahátíð ungs fólks, Götuleikhús og Listhópa Hins Hússins. Hugmyndafræði og verkferlar Listhópanna var valið sem fyrirmyndaverkefni af Evrópuráðinu 2009.

http://www.create2009.europa.eu/projects/participating_countries/island_ice.html

Hitt Húsið heldur jafnframt úti öflugri upplýsingagjöf til ungs fólks. Atvinnumáladeildin aðstoðar ungt fólk með fyrstu skref á vinnumarkaði, Jafningjafræðslan stendur fyrir fræðslu gegn hvers kyns áhættuhegðun þar sem ungur fræðir ungan og Áttavitinn/Tótalráðgjöf er gagnvirkur upplýsingavefur fyrir ungt fólk þar sem jafnframt er hægt að setja inn spurningar um það sem brennur á ungu fólki.

Ungt fólk með fötlun fær stuðning til aukinnar virkni og félagslegrar þátttöku í Hinu Húsinu á daginn. Þar fer jafnframt fram fjörukt og fjölbreytt opið félagstarf á kvöldin. Áhersla er lögð á að skapa vettvang þar sem ungt fólk með fötlun hittist og fær tækifæri til þátttöku og í að móta öflugt frístundastarf á jafningjagrundvelli. Með starfinu er einnig leitast við að vekja vitund á að fólk með fötlun á að hafa sömu möguleika á almennum lífsgæðum og aðrir.

Íþrótt- og tómstundasvið veitir styrki til allra 6-18 ára barna til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi í gegnum frístundakortið og styður sérstaklega við þátttöku barna efnaminni foreldra í gegnum samstarfsverkefni í hverfum borgarinnar. Sviðið veitir jafnframt styrki til æskulýðs- og íþróttafélaga og gerir þjónustusamninga þar sem krafist er samfélagslegrar ábyrgðar og fagþekkingar í vinnu með börnum. Kostnaður barna við heimsóknir í sundlaugar er óverulegur og upplýsingavefurinn frístund.is er opin öllum vegna upplýsinga um frístundastarf í borginni.

4.4. Fjármálaskrifstofa

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar heldur utan um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) í samstarfi við mannréttindaskrifstofu, stýrihóp KFS og pólitíska forystu. Verkferlar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar eru útfærðir á skrifstofunni og þar fer mest af þeirri vinnu sem snýr að innleiðingu á KFS. Markmiðið með innleiðingunni er að samþætta í raun fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, að við dreifingu gæða og fjár verði tekið mið af stöðu borgarbúa hverju sinni.

Í samræmi við innleiðingaráætlun KFS er unnið að greiningu á öllum þjónustubáttum borgarinnar sem hafa áhrif á fólk. Markmiðið er að greiningarnar leiði í ljós hvernig komið er til móts við ólíka stöðu borgarbúa. Hluti af þessum greiningum snýr að börnum og hafa slíkar greiningar þegar haft í för með sér jákvæðar breytingar á þjónustu borgarinnar þar sem leitast er við að taka betur mið af ólíkri stöðu og þörfum barna.

Innan eftirfarandi liða sem snúa að innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) felast sóknarfæri sem snúa að barnasáttmálanum:

Í samræmi við reglur um gerð fjárhagsáætlunar ber að gera jafnréttismat á breytingartillögum á samþyktri fjárhagsáætlun vegna ófyrirséðra eða nýrra verkefna. Markmiðið er að allir liðir fjárhagsáætlunar sem hafa áhrif á fólk þurfi að undangangast slíkt mat árið 2018. Sóknarfæri eru á því að koma sjónarmiðum barna enn frekar fyrir í vinnu varðandi jafnréttismat. Enn sem komið er virðist staða og þarfir fullorðinna einstaklinga í forgangi við slíkt mat og þyrfti því að auka fræðslu á barnasáttmálanum og þörfum og stöðu barna til þess að sjónarmið barna verði í forgangi þegar við á. Mögulega þarf að lagfæra þann gátlista sem unnið er eftir til þess að koma sjónarmiðum og stöðu barna sérstaklega að.

Til stuðnings við innleiðingu KFS er nú hafið samstarf við Háskóla Íslands um greiningar á ýmsum þáttum sem við koma þjónustu og innviðum Reykjavíkurborgar. Stýrihópur KFS hefur lagt fram tillögur að ótal greiningum sem nemendur geta unnið að. Sóknarfæri eru á því að koma á greiningum sem snúa að stöðu barna sérstaklega.

Í samræmi við áætlun um innleiðingu KFS er nú unnið markvisst að því að bæta gagnagrunn Reykjavíkurborgar hvað varðar kyngreind gögn. Sóknarfæri eru í því að leggja áherslu á að samhliða þessari vinnu verði þess gætt að gögn sem snúi að börnum verði skráð niður og þau kölluð inn. Mikilvægt er að skrá niður og kalla inn gögn varðandi börn og þá einkum jaðarsetta hópa barna.

4.5. Eignaumsýsla

Hjá eigna- og framkvæmdaskrifstofum borgarinnar (SEA og USK) eru í dag ýmsir ferlar sem stuðla að velferð barna og unglinga þegar þau eru í og við mannvirki borgarinnar. Í skóla- og frístundastarfi eru börnin aðal notendur bygginganna og skólalóðanna og því mikil áhersla lögð á þarfir þeirra þegar kemur að uppbyggingu og viðhaldi.

Í viðhaldi á skóla- og leikskólalóðum er viðhaft eftirlitskerfi sem ætlað er að tryggja að notendur skaðist ekki vegna bilana eða galla í leiktækjum eða á lóð. Slíku eftirliti er sinnt af hendi starfsfólks skólanna, fasteignastjórum og heilbrigðiseftirliti.

Þegar um nýbyggingar er að ræða leitar Reykjavíkurborg eftir því að forhönnun mannvirkja fari fram með tilvonandi notendum. Oftast er reynt að fá sem breiðustu sýn á sjónarmið væntanlegra notenda og skiptir þá aldur notendanna ekki máli. Sem dæmi má nefna að við hönnun nýs Dalskóla voru tveir nemendur á undirbúningsfundi með arkitektum og komu þeir sínum sjónarmiðum um skólalóð og byggingu vel á framfæri.

Fleiri dæmi má finna um aðkomu barna í frumhönnun verkefna eins og til dæmis þegar skólalóðir eru endurgerðar. Þá er leitað álits starfsfólks skólanna, foreldrafélaga og barna. Hins vegar eru ferlar við val á fulltrúum barnanna eða söfnun ábendinga barna ekki til og mætti hér gera bragabót á þannig að tryggt sé að raddir ólíkra barna og unglinga heyrist alltaf þegar verið er að skipuleggja og undirbúa verkefni sem tengst geta börnum.

4.6. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (USK) sinnir rekstri, framkvæmdum og viðhaldi í borgarlandinu, skipulagsmálum, umhverfismálum og eftirliti í heilbrigðismálum, svo eitthvað sé nefnt. Fjölbreytt verkefni eru á forræði sviðsins og er starfsfólki það metnaðarmál að borgarþáttar búi við fallett, fjölbreytt og heilnæmt umhverfi, og að velferð og hagur borgaranna, ungra sem aldinna, sé hafður að leiðarljósi.

Allir reykvískir unglingar í 9. - 10. bekk grunnskóla hafa rétt á skólavist í Vinnuskólanum. Vinnuskólinn er skóli án aðgreiningar og er þ.a.l. opinn öllum nemendum óháð líkamlegu atgervi eða hvers konar frávikum í þroska. Innan Vinnuskólans er starfað eftir áhættumati og unnið í samræmi við reglugerð um vinnu ungmenna undir 18 ára aldri. Vinnuskólinn leitast við að veita nemendum þjálfun við verkleg störf og fræðslu sem eykur þeim víðsýni. Nemendur fá greidd laun fyrir störf sín sem eru greidd inn á þeirra eigin reikning. Öll fræðsla innan Vinnuskólans miðast við að hindra mismunun og koma í veg fyrir aðgreiningu með vitundarvakningu. Þá eru sérstök verkefni starfrækt innan Vinnuskólans í því tilliti að nálgast yfirlýst markmið skólans, með því að horfa til fjölmenningar og

veita aukin stuðning til þeirra sem hann þurfa í daglegu starfi - svokölluð *stoðræktar- og fjölmennningarverkefni*.

Starfsfólk skipulagsfulltrúa á umhverfis- og skipulagssviði hefur frá 2013 fengið reykvísk börn til samráðs í skipulagsvinnu. Á Barnamenningarhátíð 2013 var sýning á hugmyndum 10 ára barna í Hlíðum og Breiðholti, um framtíðarskipulag í umræddum hverfum. Börnin voru fengin til samráðs í skipulagsvinnu og spurð hvar þau léku sér, hvar uppáhaldsstaðurinn þeirra væri í hverfinu og hvert þau færu helst með foreldrum sínum. Börnin teiknuðu í framhaldinu upp hugmyndir sínar að betra hverfi og skrifuðu útskýringar með. Einnig var fundað með ungmennaráði og haldin kynning í Hinu húsinu vegna hverfaskipulags 2013. Árið 2015 er verið að vinna samráðsáætlun fyrir fleiri hverfi í hverfaskipulagi þar sem haft verður samráð við börn í grunnskólum umræddra hverfa.

Á vormánuðum árs 2015 var haldið Minecraft námskeið á Hönnunarmars. Afrakstur námskeiðsins var síðan sýndur á Design Talks, fyrirlestrardegi Hönnunarmars. Börn og unglingar hönnuðu byggingar og svæði inn í deiliskipulag Austurhafnar. Stefnt er að því að halda áfram með þetta verkefni, enda er Minecraft vinsælt meðal barna og unglunga og komið hefur í ljós að það getur nýst sem gott tól til að auka áhuga þeirra á skipulagsmálum.

4.7. Velferðarsvið

Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar og Barnavernd Reykjavíkur veita börnum og barnafjölskyldum þjónustu sem metin er í samræmi við þarfir fjölskyldunnar. Unnið er samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 80/2002 um barnavernd og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

Reglur sem unnið er eftir eru samræmdar milli þjónustumiðstöðva m.a. til að ekki verði um ójöfnuð að ræða og barnafjölskyldur fái sömu þjónustu óháð búsetu í borginni. Dæmi um reglur sem unnið er eftir eru reglur um fjárhagsaðstoð og stuðningsþjónustu. Sérstök ákvæði eru í reglum um stuðning við börn, t.d. í fjárhagsaðstoðarreglunum til að gera börnum kleift að taka þátt í tómstundum og stuðningur við nám og námskostnað.

Við vinnslu í málefnum barna er þess gætt að hagsmunir þeirra séu tryggðir og í samræmi við aldur þeirra og þroska eru þau spurð um afstöðu sína. Unnið er með forsjáraðilum sem bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Svo tryggt sé að sjónarmið barnanna komi fram er börnum eftir atvikum skipaður talsmaður við vinnslu barnaverndarmála en alltaf þegar um íþyngjandi ákvarðanir er að ræða, svo sem vistanir utan heimilis.

Veigamikill þáttur er aðstoð vegna barna með fatlanir, þar sem m.a. er boðið upp á stuðningsfjölskyldur, skammtímvistanir, stuðning og ráðgjöf við foreldra og eftir atvikum enn frekari stuðning/þjónustu í samræmi við þarfir barnsins og fjölskyldunnar.

Í öllu starfi með barnafjölskyldum eru hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi

Árin 2015 og 2016 er sérstök áhersla lögð á málefni barna og ungmenna samkvæmt samþykkt velferðarráðs. Áhersluþættir eru m.a.:

- Forvarnavinna í þágu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra til að bæta líðan í daglegu lífi og til framtíðar
- Stuðningur við börn sem standa höllum fæti sem er áframhaldandi áhersluþáttur frá fyrra ári
- Að tryggja jafnræði í sérfræðiþjónustu skóla milli hverfa borgarinnar
- Að auka stuðnings- og ráðgjafarþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, þ.m.t. fötluð börn og fjölskyldur þeirra

4.8. Menningar- og ferðamálasvið

Menningarstefna Reykjavíkur 2014-2020 ber heitið Menning er mannréttindi. Í stefnunni er sérstakur kafli um börn og menningaruppeldi þar sem vísað er til 31. greinar Barnasáttmálans. Í starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar og skipulagi hátíða á vegum menningar- og ferðamálasviðs og samstarfsaðila þess er lögð áhersla á samveru fjölskyldunnar, þátttöku barna og unglunga og séð til þess að dagskrá menningarstofnana sé eftirsóknarverður valkostur fjölskyldna. Sviðið leggur áherslu á að vera sífellt vakandi fyrir nýjum leiðum til að ná til barna, unglunga og fjölskyldna þeirra í samstarfi við önnur svið borgarinnar og tryggja gott aðgengi að menningu og listum, óháð félagslegri stöðu og efnahag.

Frítt er í allar menningarstofnanir borgarinnar fyrir börn til 18 ára aldurs. Börn geta heimsótt söfn og sýningar í borginni á eigin forsendum um leið og þau hafa aldur til. Söfnin bjóða upp á skipulagðar leiðsagnir fyrir skóla- og frístundahópa. Mikill fjöldi barna sækir menningarstofnanir á ári hverju í skólaheimsóknum, með fjölskyldum eða á eigin vegum. Stofnanir og viðburðir menningar- og ferðamálasviðs (MOF) annars vegar og leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar eiga góða samvinnu um listuppeldi við listamenn, söfn og menningarmiðstöðvar í borginni.

Menningar- og listuppeldi barna og unglunga nýtur sérstakrar áherslu í styrkveitingum borgarinnar. Menningarmiðstöðin Gerðuberg hefur síðastliðin ár haldið sérstaklega upp á sinna verkefnum sem tengjast börnum á sviði lestrarhvatningar, skáldskapar, hugarflugs og lestrargleði.

Dæmi um aðgerðir á MOF:

- Skipaður hefur verið vinnuhópur um jafnt aðgengi barna að menningu innan allra hverfa borgarinnar.
- Ritlistarverðlaunum komið á fót til að ýta undir sköpun og ritlist hjá börnum sem stefnt er að verði veitt í aldursflokkum frá leikskóla til framhaldsskóla.
- Markviss miðlun upplýsinga um menningu til barna, unglunga og fjölskyldna í gegnum fjölbreytta miðla Reykjavíkurborgar.
- Unglingamenning eflid um alla borg með margvíslegum verkefnum í samvinnu sviða borgarinnar og samstarfsaðila.
- Hlúð verður betur að þeim innviðum barnamenningar sem þegar eru til staðar innan menningarstofnana Reykjavíkurborgar.
- Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO leggur sérstaka áherslu á börn í gegnum hvatningu til lestrar með verkefnum Sleipni sem felur í sér viðburði, útgáfu, vef o.fl.
- Höfuðborgarstofa sinni börnum sérstaklega með Barnamenningarhátíð, auk stakra atriða á Vetrarhátíð, Menningarnótt og Aðventuhátíð.

Borgarbókasafnið- menningarhús leggur metnað sinn í að þjóna öllum börnum vel. Dæmi um verkefni sem miða að jöfnu aðgengi barna eru heimanámsaðstoðin Heilahristingur sem stuðlar að félagslegri þátttöku barna og ungmenna og menningarmót sem fara fram á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Bókaverðlaun barnanna er einnig verkefni á vegum safnsins þar sem börn um allt land kjósa um bestu bækurnar sem svo eru verðlaunaðar.

Borgarsögusafn Reykjavíkur fékk í vetur barnahóp til að rýna undirbúna nemendakynningu hjá sér áður en hún fór í almenna kynningu. Börnin voru spurð hvað þeim hafi líkað og hvað betur mátti fara og komu þau með gagnlegar ábendingar sem höfðu áhrif á kynningarefnið. Til stendur að stofna rýnihópa barna til að bæta þjónustuna við börn enn frekar.

Barnamenningarhátíð í Reykjavík er stór árviss viðburður sem hefur það að markmiði að efla menningarstarf barna og ungmenna í borginni. Hefur hún haft mikil áhrif á framboð menningar fyrir börn, með börnum og menningu barna. Á ári hverju taka um 40.000 börn á öllum aldri í öllum hverfum borgarinnar þátt með einum eða öðrum hætti.

Sóknarfæri eru í að skoða aðgengi í Árbæjarsafni Borgarsögusafns en þar eru friðuð hús sem ekki voru byggð með aðgengi fatlaðra í huga.

4.9. Embætti borgarlögmanns

Eitt af lögbundnum verkefnum Reykjavíkurborgar eru verkefni tengd barnavernd. Embætti borgarlögmanns sér um alla hagsmunagæslu fyrir dómstólum þegar kemur að þessum málaflokki og hefur málafjöldi barnaverndarmála aukist verulega síðustu misseri. Þá annast borgarlögmaður einnig fyrirsvar og kröfugerð í málum er varða skaðaverk sem unnin eru af börnum eða ungmennum á eignum sveitarfélagsins og tekur þátt í sáttaferli hjá lögreglu eða dómi í tengslum við þau mál. Málum hjá embætti borgarlögmanns sem snerta hagsmuni barna og margbreytileiki þeirra mála hefur fjölgað verulega á síðustu árum og reynir stöðugt meira á ákvæði alþjóðlegra skuldbindinga þegar börn komast í snertingu við réttarvörsluferfið, hvort sem það er í gegnum löggæslu, á stjórnýslustigi eða á dómstigi.

4.10. Umboðsmaður borgarbúa

Umboðsmaður borgarbúa, Ingi Poulsen, var gestur á einum fundi starfshópsins. Hann upplýsti hópinn um að barnasáttmálinn sé þegar nýttur af hálfu embættisins sem eitt af helstu gögnum þegar kemur að umfjöllun um erindi sem embættinu berast sem snúa að börnum. Hann tók dæmi um mismun á þjónustu borgarinnar eftir búsetu og fordæmi um kærur sem hafa komið til vegna stjórnvaldsákvarðana.

Embættið starfar í þágu allra borgarbúa, jafnt barna sem fullorðinna og hefur átt í öflugu samstarfi við embætti umboðsmanns barna. Embætti umboðsmanns borgarbúa hefur markað sér þá vinnureglu að ef til þess komi að börn hafi beint samband við embættið með erindi verði slík mál unnin sem frumkvæðismál af hálfu embættisins þar sem formleg kæru- eða kvörtunarleið fyrir börn er ekki til á vegum Reykjavíkurborgar. Þannig er börnum tryggð úrlausn sinna mála af hálfu embættisins.

Að mati umboðsmannsins þarf að tryggja fræðslu um kæruleiðir innan borgarinnar og er það hluti af almennri fræðslu og upplýsingagjöf til borgarbúa, barna sem fullorðinna. Jafnframt þarf að upplýsa starfsfólk borgarinnar um leiðbeiningarskyldu sína gagnvart borgarbúum, að þekkja mögulegar leiðir og upplýsa þá sem leita til starfsfólks borgarinnar með sín umkvörtunarefni á rétta braut.

5. Lokaorð

Starfshópurinn hefur uppfyllt verkefni sitt eftir bestu getu. Starfstíminn var knappur fyrir svo umfangsmikið verkefni en framundan er frekari vinna af hálfu Reykjavíkurborgar við gerð aðgerðaráætlunar vegna innleiðingar barnasáttmálans.

Það var samdóma álit þeirra sem í hópnum störfuðu að vinnan hafi gefið þeim dýpri innsýn í barnasáttmálann, möguleikum á innleiðingu hans í eigin starfi og merkingu hans fyrir samfélagið til framtíðar.

Það er von hópsins að innleiðing sáttmálans hefjist sem fyrst svo reykvísk börn í dag geti tekið við öflugum kefli þegar þau vaxa úr grasi og unnið að því að gera Reykjavík að enn barnvænna samfélagi í nútíð og til framtíðar.

Reykjavík, 22. júní 2015.

F.h. starfshóps um innleiðingu barnasáttmálans hjá Reykjavíkurborg,

Eygló Rúnarsdóttir,
formaður hópsins og verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði

6. Gögn sem stuðst var við

Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2019

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/forvarnastefna_reykjavikur_net.pdf

Guðrún Þóra Arnardóttir. 2014. Rannsóknir á áhrifum ungmennaráða sveitarfélaga. Óbirt MA ritgerð við Háskóla Íslands. <http://skemman.is/handle/1946/17739>

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar – endurskoðuð 2013.

<http://reykjavik.is/sites/default/files/islenska.pdf>

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/2014_menningarstefna_rvk_samthykkt_i_borgarstjorn_20_5_2014.pdf

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins <https://barn.is/barnasattmalinn/barnasattmalinn-i-heild/>

Ragnheiður Axelsdóttir. 2010. Raddir barna – Barnafundur. Óbirt M.Ed ritgerð við Háskóla Íslands <http://skemman.is/handle/1946/6924>

Sólveig Elín Þórhallsdóttir. 2012. Ber að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins? Óbirt BA ritgerð við Háskólann á Akureyri <http://skemman.is/handle/1946/12093>

Skýrsla til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna 2010. Reykjavík, Umboðsmaður barna. https://www.barn.is/media/19029/ub_skyrsla_til_barnarettarnefndar_sth_2010.pdf

UNICEF Ísland. Án árs. UNICEF á Íslandi. Samnorræn könnun um rétt barna til þátttöku 2009-2010. Reykjavík, UNICEF.

UNICEF. Án árs. Samnorræn könnun um rétt barna til þátttöku 2009-20110. Reykjavík, UNICEF.

UNICEF Innocenti Research Center. 2004. Building Child Friendly Cities – A Framework for Action. Flórens, Innocenti.

UNICEF Ísland. 2013. Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir. Reykjavík, UNICEF.

Gagnlegar heimasíður að auki

<http://www.sjumilssteget.no/>

<http://childfriendlycities.org/building-a-cfc/good-practices/full-list-iii/>

<http://tungumalatorg.is/barnasattmali/>